

## Dreifibréf 04/2009/LS

### *Afgreiðslutilhögun á Ritalin® og Amfetamín® töflum*

Að gefnu tilefni vill Lyfjastofnun koma eftirfarandi á framfæri um afgreiðslutilhögun á Ritalin® og Amfetamín® töflum:

Lyfjastofnun sendi árið 2002 út dreifibréf til lyfjabúða, Dreifibréf nr. 15/2002/LS, um breytingu á afgreiðslutilhögun á Tabl. Ritalin® 10 mg og Tabl. Amfetamín® 5 mg, þar sem fram kom að Lyfjastofnun hafi í samráði við Landlæknisembættið ákveðið að takmarka ávísunarheimild á nefndum lyfjum við hámark 30 daga skammt á hvern lyfseðil. Þessi breyting tók gildi frá og með 1. janúar 2003 og er enn í fullu gildi.

Samkvæmt 28. gr. reglugerðar nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, er óheimilt að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum með fjölnota lyfseðli, þó er heimilt að víkja frá þessu, ef tilgreint er á lyfseðli að skammta eigi lyfið og er þá engin fjöldatakmarkun á afgreiðslum samkvæmt lyfseðlinum, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 850/2002 um skömmtun lyfja. Gildistími lyfseðils miðast við útgáfudag og gildir lengst í 12 mánuði, ef læknir takmarkar ekki gildistíma hans, sbr. 33. gr. reglugerðar nr. 111/2001 sem segir að læknir geti takmarkað gildistíma lyfseðils enn frekar með því að rita dagsetningu í viðeigandi reit á lyfseðlinum.

***Með vísan í allt framangreint útrekar Lyfjastofnun að einungis er heimilt að afgreiða 30 daga skammt af Ritalin® 10 mg og Amfetamín® 5 mg töflum á hvern lyfseðil. Sé lyfseðillinn merktur í skömmtun skal sú skömmtun fara fram í fyrirtæki sem heimild hefur til skömmtunar sbr. reglugerð nr. 850/2002 um skömmtun lyfja.*** Einnig bendir Lyfjastofnun á að heimilt er að senda ávísun á eftirritunarskyld lyf í lyfseðlagátt.

Lyfjastofnun óskar eftir að verklagi lyfjabúða verði breytt til samræmis við framangreint frá og með móttöku dreifibréfsins.

Lyfjastofnun